

Eskja hf.
Haukur Jónsson
Strandgata 39
735 Eskifirði

Reykjavík, 22. janúar 2020
UST201901-306/gf
08.10.02

Varðar reglubundið eftirlit 2019 – fiskimjölsverksmiðja Eskju hf. á Eskifirði

Þann 30. desember sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. á Eskifirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar. Skila skal skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennslí á vormánuðum. Endurskoða skal umhverfismarkmið. Endurskoða skal viðbragðsáætlun með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar ef til kemur að mengunaróhöpp verði hjá rekstraraðila.

Fjögur frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Útstremisbókhald barst of sein en var skiladagur er 1. maí ár hvert. Útstremisbókhald hefur borist og því er fráviku lokað.

Ekki er tilkynnt þegar TVN gildi fara yfir viðmiðunarmörk eins og tilskilið er og grein 2.9 í starfsleyfi kveður á um. Staðfesting flutningsaðila og/eða móttökustöðvar vantar vegna skila á spilliefnum þótt það sé áskilið í grein 3.1 í starfsleyfi. Árekstrarvarnir vantar við neyslugeymi þar sem dælt er á vinnuvélar. Umgengni við geyminn skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 884/2017.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum premur atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. febrúar 2020.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskiförður

UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	30.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Eskja hf. Eskifirði	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Strandgötu 2/Marbakka	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	6301694299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haukur L Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	734232,988 517289,471

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni er varða, tilkynningar þegar TVN gildi er yfir viðmiðunarmörkum, staðfestingu vegna skila á spilliefnum, skil á útstreymisbókhaldi og varnir við neyslugeymi.

Bent var á að endurskoða þarf umhverfismarkmið og viðbragðsáætlun fyrirtækisins og skv. nýrri úrbótaáætlun rekstraraðila er gert ráð fyrir að úrbótum vegna skila á skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna í sjó um frárennsli verksmiðjunnar verði lokið veturn 2019-2020.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfseminna á árinu og rýnt í ákvæðnar greinar í starfsleyfi fyrirtækisins. Farið var yfir drög að áhættumati með starfseminni en skv. reglugerð 550/2018 skal Umhverfisstofnun byggja tilni vettvangsheimsókna sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar með kerfisbundnu áhættumati. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2020. Farið var yfir leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar komu engin ný frávik fram en tveimur ábendingum var komið á framfæri, annars vegar varðandi endurteknar mælingar á hraða útblásturslofts eftir að nýir blásarar voru teknir í notkun og hins vegar var vakin athygli á því að skv. úrbótaætlun átti að skila inn skýrslu um heildarúttekt megnandi efna fyrir 1. mars 2019.

Hraði útblásturlofts frá skorsteini var mældur í maí 2019 og mældist hann yfir 20 m/sek sem er lágmarkshraði skv. gr. 2.13 í starfsleyfi. Engin loðnuveiði hefur verið undanfarnar vertíðir og þar af leiðandi hefur ekki verið hægt að taka frárennslissýni á loðnuvertíð. Umhverfisstofnun hefur því framlengt frest til að skila inn heildarúttekt um magn mengandi efna til ársins 2020.

Árleg mæling, sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi, á magni mengandi efna í frárennsli fyrir árið 2019 hefur ekki verið sent á stofnunina.

Með bréfi frá verkfræðistofu Mannvits dags. 29. maí sl. kom fram að olíukatlar hefðu ekki verið gangsettir á árinu 2018 og engin innkaup af hálfu Eskju á MD-olíu. Fram kom í eftirliti að verksmiðjan er eingöngu keyrð á rafmagni og olíukatlar ekki notaðir. Eru beir aðeins hugsaðir sem varaafli í langvarandi rafmagnsleysi og stórum viðvarandi bilunum. Einnig kom fram að það sem af er ári hefur engin MD-olíla verið keypt. Skv. gr. 2.9 starfsleyfi er ekki krafa um rykmælingar í útblæstri ef hlutfall notkunar olíubrennara er undir 3% af keyrslutíma verksmiðjunar.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsseminna og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt.

Gæðahandbók starfstöðvar sem inniheldur m.a. viðbragðsáætlun og umhverfismarkmið í samræmi við gr. 4.1 og 4.4 í starfsleyfi var fyrirliggjandi hjá rekstraraðila. Minnt var á að endurskoða þarf umhverfismarkmiðin í ár en það skal gert á 4 ára fresti. Einnig þarf að uppfæra viðbragðsáætlun fyrirtækisins með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.

Fram kom í eftirliti að ekki væri búið að þrýstiprófa lýsislagnir. Einn lýsisgeymir af þremur hefur verið þykktarmældur og til stendur að þykktarmæla annan geymi á næsta ári.

Þjónustuaðili sér um flutning á úrgangsolú til móttökustöðvar. Staðfestingar flutningsaðila voru ekki fyrirliggjandi hjá fyrirtækinu en fram kom að verklagsreglum hafi verið breytt og standi til bóta.

Eftirfarandi gögnum hefur verið skilað til eftirlitsaðila frá síðustu vettvangsheimsókn:

- Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2018 hefur verið skilað. Útstreymisbókhaldinu var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert skv. gr. 3.3 í starfsleyfi.

- TVN gildi er mælt daglega meðan vinnslan er í gangi. Niðurstöðum fyrir árið 2018 var skilað í febrúar sl. og skv. þeim mældist TVN fjórum sinnum yfir viðmiðunarmörkum, þ.e. 17. og 21 mars, 29. maí og 8. nóvember. Tilkynningar um TVN gildi yfir viðmiðunarmörkum voru hinsvegar ekki sendar í neinu tilfelli í samræmi við gr. 2.9 í starfsleyfi.

Að fundi loknum var halddið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Eftirfarandi kom fram á vettvangi:

- Lýsisþró er lokað og þarf að dæla vatni upp úr henni reglulega.
- Hreinsibúnaður (fituskilja) fyrir fitu í verksmiðjunni var skoðaður. Öll fita og föst efni eru tekin til vinnslu í verksmiðjunni. Hreinsibúnaðurinn tengist inn á fitugildru og fitan sem safnast þar ofan í er tekin aftur inn í vinnsluna með haugsugu.
- Efnageymslur verksmiðjunnar voru skoðaðar. Efnavara í bönbum (klór og sódi) til lyktareyðingar stóðu á lekabýttum. Fram kom að í herbergi stjórnstöðvar eigi starfsmenn að hafa aðgang að öryggisblöðum og viðbragðsáætlun fyrirtækisins. Gögnin fundust ekki í eftirlitnu.
- Ástand olíugeyma var skoðað. Innandyra í verksmiðjunni var einn 1100 L neyslugeymir með díselolíu og þjónustar hann fjóra lyftara (tveir úti og tveir inni). Um var að ræða einfaldan stálgeymi, framleiddur árið 2000, merktur Skeljungur. Undirlagið var steypt, engin árekstravörn var fyrir hendi og slangan lá á gólfina. Fram kom að niðurfall nálægt olíugeyminum tengist inn á fitugildru verksmiðjunnar.

Frávik frá

gr. 2.9 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Ekki var tilkynnt til stofnunarinnar þegar TVN gildi fór yfir viðmiðunarmörk á árinu 2018.

gr. 3.1 í starfsleyfi

Staðfesting flutningsaðila og/eða móttökustöðvar vantar vegna skilum spilliefna.

gr. 3.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2018 var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert. Ekki mun koma til eftirfylgni og telst fráviku lokað.

gr. 41 reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

Rekstraraðili skal tryggja öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarri við rekstur olíugeyma fyrir vinnuvélar sínar. Koma þarf upp árekstravörn við geyminn og tryggja að afgreiðsluslangan liggi ekki á gólfina. Ekki væri verra ef geymirinn væri tvöfaldur en ekki krafa um slíkt.

ÁBENDINGAR

- Minnt er á að skv. úrbótaáætlun verksmiðjunnar er gert ráð fyrir að skýrsla um heildarúttekt á losun mengandi efna í samræmi við gr. 5.2 í starfsleyfi verði skilað veturninn 2019-2020.
- Endurskoða þarf umhverfismarkmið fyrirtækisins í ár, en það skal gert á 4 ára fresti.
- Endurskoða þarf viðbragðsáætlun fyrirtækisins með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.

ANNAÐ

Skeljungur hf. hefur sent stofnuninni staðfestingu á að á árinu 2019 var eingin afgreiðsla á olíu til Eskju fiskimjölsverksmiðju. Því má áætla að olíubrennarar séu notaðir í minna en 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar og ákvæðið um losunarmörk fyrir ryk í útblæstri sé ekki virkt.

22.01.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Gottskálk Friðgeirsson